

## Foreldrafélags fundur 27. Febrúar '18

Mættar voru Lísbet Reykjalín Elvarsdóttir, Áslaug Magnúsdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Líney Björk Árnadóttir.

Ritari fyrir fundinn: Lísbet

Rætt var eftirfarandi:

1. Skoppa og Skrýtla, það er í vinnslu að fá þær hugsanlega norður í haust í samstarfi við önnur foreldrafélög og jafnvel fleiri aðila. Bjarney er með það mál.
2. Brúðuheimar voru að athuga hvort við vildum sýningu fyrir börnin á leikskólanum. Ákveðið var að hafa samband við þau og fá sýningu.
3. Rætt var um sveitaferðina, það er komin dagsetning á hana: 17. Maí, og munum við áfram koma með kleinur, kringlur, svala og panta rútur ásamt því að kaupa pensla til að sulla með í vatni fyrir börn yngri en 3 ára þar sem þau verða eftir á leikskólanum.
4. Vorhátíðin, foreldrafélagið mun ekki panta hoppukastala aftur en hugsanlega hafa samband við aðila eins og fimleikafélögin til að vera með andlitsmálningu, sé þess óskað frá leikskólanum. Við munum áfram kaupa svala fyrir vorhátíðina eins og við höfum gert.
5. Það þarf að senda út innheimtu félagsgjalda fljótlega.
6. Ákveðið var að foreldrafélagið aðstoði leikskólann við kaup á “kjöltumottum”, eina eða tvær, sem eru góðar fyrir óróleg börn til að ná betri ró í kroppinn.
7. Lísbet hættir hér með í foreldrafélaginu þar sem hún mun ekki eiga nein börn í leikskólanum í haust.

Ekki var meira rætt að sinni.